

252. fundur - 27. júlí 2006

Fundurinn hófst kl. 15:00. Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna. Las síðan upp boðaða dagskrá. Samþykkt að taka tvö mál til viðbótar undir dagskrárliðnum önnur mál.

Var nú gengið til dagskrár.

### **Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins**

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 251. fundar hreppsnefndar 22. júní. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 14. júlí 2006. Sveitarstjóri lagði fram athugasemd frá Karli Gunnarssyni varðandi 3. lið fundargerðarinnar (um endurreisn á skúr neðan við Vertshús).

1. liður samþykktur.
2. liður samþykktur
3. liður. Samþykkt að vísa þessum lið til nefndarinnar að nýju.
4. liður samþykktur
5. liður samþykktur
6. liður samþykktur
7. liður samþykktur
8. liður samþykktur

Aðrir liðir voru lagðir fram til kynningar. Oddviti óskaði bókað að mikilvægt væri að rukka skip Þörungaverksmiðjunnar fyrir rafmagnsnotkun úr landi sambærilegt og gert er í öðrum höfnum.

### **Mál til afgreiðslu**

- 1) Ráðning sveitarstjóra. Tíu umsóknir bárust. Oddviti lagði til að gengið yrði til samninga við Óskar Steingrímsson skrifstofustjóra Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða. Oddviti og varaoddviti falið að ganga frá samningi við Óskar.
- 2) Skólaakstur skólaárin 2006-2007 og 2007-2008. Eitt tilboð barst í akstursleið 1 og þrjú tilboð í akstursleið 2. Samþykkt að taka tilboði lægstbjóðenda. Um er að ræða Arnór Grímsson á akstursleið 1 (Króksfjarðarnes) og Þráin Hjálmarsson á akstursleið 2 (Gufudalssveit).
- 3) Bátasmíðaverkefni, styrkbeiðni. Erindi frá Aðalsteini Valdimarssyni. Samþykkt að verða við erindinu.
- 4) Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júní 2006 í máli Haflínu Ingibjörgu Hafliðadóttur gegn Reykhólahreppi. Einnig var lögð fram umsögn Helga Birgissonar lögmanns hreppsins sem mælir með að Reykhólahreppur uni dómi héraðsdóms. Samþykkt að áfrýja ekki dómi héraðsdóms.
- 5) Umsögn Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar, Fornleifaverndar og Skógræktar ríkisins vegna stjórnsýslukæru Reykhólahrepps o.fl. á úrskurði Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60 í Gufudalssveit. Umhverfisráðuneytið gefur Reykhólahreppi kost á að koma athugasemdum að við ofangreindar fimm umsagnir. Egill lagði til að afgreiðslu þessa máls yrði frestað til næsta hreppsnefndarfundar. Samþykkt.
- 6) Tilnefning tveggja fulltrúa Reykhólahrepps í samstarfshóp um málefni fatlaðra í Barmahlíð. Erindi frá svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Samþykkt að tilnefna Þuríði Stefánsdóttur hjúkrunarforstjóra Barmahlíðar og Sólrúnu Sverrisdóttur í hópinn.

- 7) Helstu nýmæli frumvarps til laga um mannvirki. Erindi frá umhverfisráðuneytinu sem gefur Reykhólahreppi kost á athugasemdum. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að hafa samráð við samstarfsaðila um byggingarfulltrúaembættið.

#### Mál til kynningar

- 1) Styrktarsjóður EBÍ 2006, tilkynning um umsóknarfrest. Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.
- 2) Skipan barnaverndarnefndar, tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.
- 3) Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um sérstakar aðgerðir til þess að draga úr þenslu. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps tekur undir ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 6. júlí 2006 vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um sérstakar aðgerðir til þess að draga úr þenslu. Sveitarstjórn minnir á að Vestfjarðavegur nr. 60 milli Bjarkalundar og Eyrar í Kollafirði er einn af verstu vegum landsins og nýbygging vegar þar þolir enga bið. Jafnframt er minnt á mikilvægi þess að heilsársvegur um Arnkötludal og Gautsdal sem tengja mun saman byggðirnar í Reykhólahreppi og á Ströndum frestist ekki. Byggðarlög þessi hafa átt í vök að verjast m.a. vegna þenslu annars staðar í þjóðfélaginu og því er ósanngjarnt að þau gjaldi sérstakra aðgerða í efnahagsmálum nú.*

- 4) Ályktun sveitarstjórnar Strandabyggðar um frestun vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Lögð fram til kynningar.
- 5) Úthlutun (kr. 1.800.000,-) til styrkvega í Reykhólahreppi. Erindi frá Vegagerðinni á Ísafirði (tilkynning)
- 6) Ágóðahlutagreiðsla EBÍ til Reykhólahrepps (kr. 1.449.000,-). Tilkynning frá Brunabótafélagi Íslands.
- 7) Breyting á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Tilkynning frá Skipulagsstofnun.
- 8) Ábendingar Slysasvarnafélagsins Landsbjargar um útileiksvæði barna á Hólabæ annars vegar og á leiksvæði við Reykhólaskóla hins vegar.
- 9) Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, 70. fundur (fundargerð)
- 10) Sundlaugarvatn í Grettislaug, niðurstaða sýnatöku Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (laugarvatnið stóðst gæðakröfur).
- 11) Herþotuflug yfir Reykhólahreppi. Bréfaskipti utanríkisráðuneytis og Reykhólahrepps.
- 12) 51. fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga september 2006. Erindi frá Fjórðungssambandinu.
- 13) Breiðafjarðarnefnd, 68. fundur og 69. fundur (fundargerðir). Sveitarstjóri vakti athygli á því að í nýjum bæklingi Breiðafjarðarnefndar um fuglalíf á Breiðafirði væri ekki minnst á fuglaskoðunarskýlið á Reykhólum og væri það miður.
- 14) Samningur Listskreytingasjóðs ríkisins við sveitarstjóra Reykhólahrepps vegna minnismerkis um Jón Thoroddsen

#### Önnur mál

- 1) Erindi er varðar einstakling. Samþykkt að vísa málinu til félagsmála- og jafnréttisnefndar.
- 2) Karl ræddi hitaveitumál í Geiradal. Áhugi væri fyrir því að nýta jarðhita frá borholu í landi Kletts til þess að hita upp býli þar í kring. Gott væri ef hreppurinn gæti aðstoðað við undirbúning þessa mál.

Í lok fundar lýsti fráfari sveitarstjóri því yfir að þetta væri síðasti hreppsnefndafundurinn sem hann sæti. Hann þakkaði fyrir gott samstarf bæði við núverandi og fyrrverandi hreppsnefnd og

óskaði eftirmanni sínum, hreppsnefnd og Reykhólahreppi alls góðs í framtíðinni. Oddviti f.h. hreppsnefndar þakkaði sveitarstjóra fyrir góð störf og óskaði honum velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 18:50

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Karl Kristjánsson (sign)  
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Rebekka Eiríksdóttir (sign)  
Einar Örn Thorlacius (sign)